

REGLUGERÐ

um brunavarnir og brunamál fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

I. Stjórn brunamála.

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar skal annast og kosta brunamálaeftirlit og brunavarnir í kaupstaðnum, samkvæmt ákvæðum laga nr. 55 22. maí 1969 um brunavarnir og brunamál, og reglugerðar þessarar, og hafa eftirlit með, að þeim sé hlýtt.

2. gr.

Brunamálanefnd fer með brunamálefni bæjarins undir yfirstjórn bæjarstjórnar. Slökkviliðsstjóri eða í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri skal sitja fundi brunamálanefndar með málfrelsi og tillögurétti, en ekki atkvæðisrétti.

Brunamálanefnd skal skipuð 5 mönnum, sem kosnir eru af bæjarstjórn. Brunamálanefnd kýs sér formann úr hópi nefndarmanna.

3. gr.

Brunamálanefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um öll mál, er snerta brunamál kaupstaðarins.

Bæjarstjórn skipar slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra og aðra starfsmenn slökkviliðsins, að fengnum tillögum brunamálanefndar, er leitar umsagnar slökkviliðsstjóra um ráðningu slökkviliðsmanna. Hún setur þeim erindisbréf, og ákveður þeim laun eða þóknun fyrir starf þeirra, er greiðist úr bæjarsjóði.

4. gr.

Brunamálanefnd skal hafa á hendi undir umsjón bæjarstjórnar, eftirlit með brunavörnum og slökkviliði. Hún skal sjá um, að framkvæmd þessara mála sé samkvæmt lögum og reglugerðum, og láta sér annt um nauðsynlegar umbætur á þessu sviði.

II. Slökkvilið og slökkvitæki.

5. gr.

Slökkviliðsstjórinn, en í forföllum hans varaslökkviliðsstjórinn, er yfirmaður og stjórnandi alls slökkviliðsins. Hann hefur og umsjón með slökkvitækjum öllum.

Kynna skal almenningi á staðnum á hagkvæman hátt, hver sé slökkviliðsstjóri, hvar hann býr og hverjir séu honum næstir yfirmanna í slökkviliðinu. Slökkviliðsstjóri og varaslökkviliðsstjóri mega aldrei vera báðir burtu af staðnum, nema settur sé varamaður í þeirra stað á meðan, í samráði við brunamálanefnd.

Bæjarstjórn ákveður, eftir tillögum brunamálanefndar, hver einkenni slökkviliðið skuli bera, þegar það er að starfi sínu.

6. gr.

Allir verkfærir karlmenn 18—55 ára að aldri, sem heimilisfastir eru í kaupstaðnum, að undanskildum presti, lækni, lyfsala og símstjóra, og þeim mönnum, sem með læknisvottorði sanna, að þeir séu ekki færir til vinnu, eru skyldir til þjónustu í slökkviliði.

Skulu þeir vera skyldir að mæta við æfingar allt að 4 sinnum á ári og auk þess tafarlaust, hvenær sem eldsvoða ber að höndum. Heimilt er brunamálanefnd að und-

anþiggja menn 50 ára og eldri, svo og menn aðra en þá, sem taldir eru í 1. málsgr., er hafa sérstökum störfum að gegna.

Slökkviliðsstjóra er heimilt að kveðja svo marga menn til aðstoðar við að slökkva eld, sem hann telur þörf fyrir, og getur enginn skorazt undan þeirri skyldu. Þeir, sem þannig taka þátt í slökkvistarfi eða æfingum, skulu inna það af hendi endurgjaldslaust, en hafa sama skaðabótarétt á hendur bæjarsjóði, sem slökkviliðsmenn.

Heimilt er bæjarstjórn að ákveða með sérstakri samþykkt, að liðsmenn slökkviliðsins fái greiðslu fyrir hverja klukkustund, er þeir eru sérstaklega til þess kvaddir að vinna í þjónustu þess við æfingar, eða við að slökkva eld.

Bæjarstjórn er heimilt að ákveða, að slökkviliðið skuli skipað fastráðnum liðsmönnum og ákveða tölu þeirra og þóknun fyrir starfið. Má þá jafnframt takmarka þegnaskyldu til þjónustu í slökkviliði eða fella hana niður.

Það er skylda hvers og eins, sem viðstaddur er eldsvoða, hvort sem hann er í slökkviliðinu eða ekki, að láta í té alla þá aðstoð, sem hann getur, ef slökkviliðsstjórinn krefst þess, og hlýða í öllu fyrirskipunum slökkviliðsstjóra. Það er skylda hvers eins, er verður var við að eldsvoði sé að koma upp, að hefja viðvörunarkall og gera slökkviliðinu aðvart á þann hátt, sem fyrir er mælt í samþykkt eða á annan hátt.

7. gr.

Slökkviliðsstjóra er skylt að sjá um, að æfingar séu haldnar eigi færri en fjórar á ári.

Slökkviliðsstjóri stjórnar æfingum slökkviliðsins, og ber ábyrgð á að ávallt séu nógu margir í slökkviliðinu, og það sé vel æft. Þegar eldsvoða ber að höndum, ákveður hann hvernig slökkviliðinu skuli fyrir komið, og allt hvað gera skuli til þess að slökkva eldinn og varna útbreiðslu hans. Þó má hann ekki rífa niður hús til varnar útbreiðslu elds, nema samþykki lögreglustjóra komi til, eða þess, er fer með umboð hans við eldsvoðann. Ef slökkviliðsstjóri er forfallaður gengur vara-slökkviliðsstjóri í hans stað, og sé hann heldur ekki viðstaddur, þá hefur yfirstjórn á hendi sá af liðsmönnum, sem slökkviliðsstjóri í samráði við brunamálanefnd hefur fyrir fram ákveðið til þess.

Slökkviliðsstjóri getur sagt upp liðsmönnum slökkviliðsins án nokkurs fyrirvara, ef hann finnur ástæðu til og ráðið aðra í þeirra stað til bráðabirgða, en bæjarstjórn ræður síðan menn í stað þeirra, sem vikið hefur verið úr liðinu. Þeir, sem þannig er vikið frá störfum, hafa rétt til að leggja mál sín fyrir brunamálanefnd til úrskurðar. Allir liðsmenn í slökkviliðinu eru skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra með viku fyrirvara, ef þeir af gildum ástæðum geta ekki gengt starfi sínu í slökkviliðinu.

Flokksstjórar skulu skyldir til að tilkynna slökkviliðsstjóra, ef þeir fara burt úr kaupstaðnum daglangt, og liggur sekt við, ef út af er brugðið.

8. gr.

Sérhver slökkviliðsmaður er, að viðlagðri sekt, skyldur til að mæta til æfinga og til þess að slökkva eld, þegar hann er til þess kallaður, hvar sem hann er innan lögsagnarumdæmis kaupstaðarins, og hlýða þá í öllum atriðum öllu því, er yfirmaður hans skipar honum. Enginn má heldur, án leyfis yfirmanna, yfirgefa eldsvoða, áður en slökkt er, né slökkviliðsæfingu, áður en henni er lokið.

9. gr.

Lögreglustjóri eða fulltrúi hans skal ásamt lögregluliði kaupstaðarins annast löggæzlu við slökkviliðsæfingar og eldsvoða. Við æfingar og eldsvoða skal lögregluliðið vera undir yfirstjórn slökkviliðsstjóra.

Lögregluliðið skal í samráði við slökkviliðsstjóra halda uppi góðri reglu við eldsvoða og æfingar, sjá slökkviliðinu fyrir greiðum aðgangi að brunastað, stöðva umferð um nærliggjandi götur, afgirða svæði, sem slökkviliðið þarf fyrir áhöld sín, fjarlægja þaðan allt óviðkomandi fólk og taka í sína umsjá muni, sem bjargað er frá bruna, þar til þeir eru afhentir réttum aðilum. Brunamálanefnd kveður til aðstoðar lögregluliðinu hæfilega marga menn meðal þeirra, er skyldir eru til þess að vera í slökkviliðinu.

10. gr.

Slökkviliðsmenn allir, sem tilkvaddir eru af slökkviliðsstjóra, skulu skyldir að hlýða boðum hans og annarra yfirmanna sinna. Þeir skulu njóta verndar og réttinda opinberra starfsmanna, þá er þeir eru að starfi sínu. Slökkviliðsmenn og aðrir, sem vinna að eldvörnum eftir kvaðningu slökkviliðsstjóra eða lögreglustjóra, skulu vera slysatryggðir við æfingar og störf sín í þágu eldvarna, samkvæmt ákvæðum laga um slysatryggingu.

Þeir, sem skemma fót sín í þágu eldvarna, eiga rétt á að fá skemmdirnar endurgreiddar úr bæjarsjóði, enda séu þau ekki vátryggð gegn eldtjóni í einhverju brunabótafélagi. Skemmdir skal meta, ef ekki næst samkomulag.

11. gr.

Hafnarfjarðarbær skal jafnan kappkosta að eiga þau slökkviáhöld og tæki til öryggis eða björgunar úr eldi, er Brunamálastofnun ríkisins telur nauðsynlegt að hann eigi í þessu skyni.

Settir skulu upp hæfilega margir brunahanar í bænum, og skal tryggja sem bezt, að jafnan sé nægilegt vatn til að slökkva eld.

Það er á ábyrgð umsjónarmanns vatnsveitunnar og slökkviliðsstjóra, að allir brunahanar séu óskemmdir og ávallt í nothæfu standi, hvenær sem vatn þarf að taka úr þeim. Enginn má taka vatn úr brunahönum, né hreyfa við þeim að nokkru leyti, nema hann hafi til þess fengið leyfi slökkviliðsstjóra og umsjónarmanns vatnsveitunnar.

Slökkviáhöld skal geyma í slökkvistöð í eldtraustum húsakynnum, eftir því sem við verður komið.

12. gr.

Skylt er sérhverjum húseiganda að leyfa, að vatn sé tekið úr vatnshönum í húsi hans til að slökkva með eld, gegn fullu endurgjaldi úr bæjarsjóði fyrir skemmdir á húsi og öðrum fjármunum, sem af því hlýzt, og má enginn, sem í húsinu er, leggja tálmanir fyrir, að slökkviliðið hafi greiðan aðgang að vatnshönum í húsinu. Meðan verið er að slökkva eldsvoða, eru bæjarbúar skyldir að takmarka vatnsnotkun sína svo, að þeir noti vatn aðeins til nauðsynlegustu heimilisþarfa.

13. gr.

Ef hús brennur þar, sem vatnsveita liggur ekki að, eða vatn úr brunahönum nægir ekki, er sérhverjum skylt að lána þau tæki, er hann hefur, til að flytja í vatn og leyfa að vatn sé tekið úr vatnsbólum þeim, sem á lóð hans eru, eða hann hefur umráð yfir. Ef tæki, sem lánað hefur verið, skemmist eða týnist, skal fullt endurgjald koma fyrir úr bæjarsjóði.

III. Reykháfar og eldfæri.

14. gr.

Reykháfar í húsum skulu steypfir úr sterkri steinsteypu eða gerðir úr öðru jafneldtraustu efni, standa á fastri undirstöðu og hvíla aldrei á timburgólfi. Reyk-

háfur má ekki hallast meira en 15° frá lóðréttri línu og aldrei út fyrir stiga, nema með leyfi byggingarnefndar.

Reykháfar skulu að jafnaði vera ferstrendir, veggþykkt þeirra eigi minni en 12 cm og innanmál 23 cm á hvern veg. Þeir skulu ná minnst 65 cm upp fyrir húsmæni eða gerðir þannig, að lárétt fjarlægð frá reykháfsopi til þakflatar sé minnst 3 m. Innanfletir reykháfa skulu vera sléttir, og holrúm þeirra má ekki skerða með leiðslum eða öðru, nema að fengnu leyfi slökkviliðsstjóra.

Óheimilt er að hækka reykháf með pípum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

Sé reykháf ætlað að flytja svo mikinn reyk, að 23 cm vidd nægi ekki, eða þurfi reykháfur að ná meira en 3 metra upp úr þaki, ber að fara eftir fyrirmælum í byggingarsamþykkt.

15. gr.

Þar sem reykháfur liggur í gegnum timburgólf, þak eða timburvegg, skal fjarlægð vera minnst 23 cm frá innri brún reykháfs að máttarviðum.

Gólf-, loft- og veggklæðningar, svo sem gólfdukur, veggfóður eða því um líkt, mega ganga að reykháf, en ekki vera festar við hann. Yfir samskeyti má leggja lista, er festur sé við reykháfinn með múrnöglum.

Reykháf má aldrei þilja eða klæða með pappa eða striga. Þó skal heimilt að mála reykháf og líma á hann veggfóður. Úthliðar hans skulu ætíð vera sýnilegar og auðvelt að komast að þeim til viðgerðar. Ekki má reykháfur liggja að fataskáp. Utan um hverja pípu frá eldstæði, skal múra járnhring í reykháfinn, þannig gerðan, að hvorki pípan né hringurinn geti ýtt inn fyrir innri brún reykháfsins.

16. gr.

Á hverjum reykháf skulu vera nægilega mörg, en þó aldrei færri en tvö 23×23 cm sótop, svo að auðvelt sé að hreinsa hann og ná sóti úr honum. Sótopi skal loka með járnhurð í járnnumgerð, og skal gerð hennar háð samþykki slökkviliðsstjóra, sem ákveður fjölda sótopa eftir stærð húsa.

Reykháf má ekki taka í notkun, fyrr en hann er fullgerður og allt mótatimbur fjarlægð.

Reyk frá eldstæðum, sem kynnt eru kolum eða öðru föstu eða fljótandi eldsneyti, skal leiða í reykháfa um hlaðna eða steipta reykganga eða minnst 10 cm víðar járnþapur.

Fjarlægð frá innri brún reykleiðslna að timbri eða viðarlíki, skal ávallt vera minnst 23 cm. Reykþapur úr járnnum mega ekki vera lengri en 3 m, nema með leyfi byggingarnefndar. Þær skulu leiddar stytztu leið í reykháf á sömu hæð og eldstæðið.

17. gr.

Fjarlægð eldstæðis frá timbri eða viðarlíki, skal vera minnst 23 cm. Gólf undir eldstæðum skal lagt málmplötum eða öðrum eldtraustum efnum, er nái minnst 30 cm fram fyrir þau og 23 cm til annarra hliða. Sé um límofn eða annað eldstæði að ræða á verkstæðum, þar sem farið er með eldfim efni, skal gólfíð þakið eldtraustu efni minnst 50 cm út fyrir ytri brún eldstæðisins á alla vegu, og fyrir framan eldholið skal auk þess hafa 50 cm háan kassa úr málmnum, festan við ofninn, svo að glæður úr honum hljóti að falla í kassann.

18. gr.

Opin eldstæði (kamínur), má því aðeins hafa í timburhúsum eða steinhúsum með timburgólfi, að slökkviliðsstjóri hafi samþykkt umbúnað þeirra. Skal hvert slíkt eldstæði ávallt vera í beinu sambandi við reykháf, sem flytur ekki reyk frá öðrum eldstæðum.

19. gr.

Slökkviliðsstjóri skal, í samráði við Brunamálastofnun ríkisins, samþykkja gerð og allan frágang lofthitunarofna.

Miðstöðvarköttlum, sem hafa stærri hitaflöt en 2.0 m², skal koma fyrir í sérstökum herbergjum, múruðum eða sementshúðuðum í hólf og gólf. Eldnæma hluti má ekki geyma nær miðstöðvarköttlum eða reykleiðslum frá þeim, en í 50 cm fjarlægð.

Öll eldunar- og hitunartæki, sem geta orðið heitari en 100° Celsius, skulu ætíð vera minnst 23 cm frá timbri eða viðarlíki, þótt ekki séu hituð með eldi.

IV. Oliukynditæki til upphitunar húsa.

A. Almenn ákvæði.

20. gr.

Sérhver húseigandi, sem kemur fyrir oliukynditækjum í húsi sínu í sambandi við reykháf, hvort heldur um er að ræða nýja kyndistöð, eða eldri kyndistöð, sem áður hefur verið kynt á annan hátt, skal tilkynna kyndibúnað þennan til slökkviliðsstjóra, sem síðan lætur framkvæma skoðun og gefur út vottorð um ástand kyndibúnaðarins. Óheimilt er að taka kynditækin í notkun, fyrr en vottorð liggur fyrir um, að fulltrúi Brunamálastofnunar ríkisins hafi samþykkt búnað allan og leyft, að þau verði tekin í notkun.

Þau tæki, sem hafa verið sett upp áður en reglugerð þessi öðlast gildi, skulu tafarlaust tilkynnt, svo þau hljóti viðurkenningu á sama hátt og ný tæki.

Óheimilt er að gera breytingar á kynditækjum, er sett hafa verið upp, nema með leyfi skoðunarmanns.

21. gr.

Áður en oliukynditækjum er komið fyrir í eldstæði, sem áður hefur verið kynt á annan hátt, skal framkvæma gagngerða sóthreinsun á eldstæðinu og öllum reyk-göngum.

22. gr.

Einungis þau oliukynditæki má selja og setja upp, sem viðurkennd hafa verið af Brunamálastofnun ríkisins. Öllum kynditækjum skal fylgja leiðarvísir um uppsetningu og notkun.

Rafbúnaður allur skal fullnægja kröfum rafmagnseftirlits ríkisins.

23. gr.

Sá einn má annast uppsetningu oliukynditækja, sem til þess hefur hlotið viðurkenningu Brunamálastofnunar ríkisins, og ber hann ábyrgð á, að búnaður allur sé samkvæmt reglugerð þessari.

B. Hitun með eldsneytisólíu, sem hefur blossamark hærra en 60° C.

24. gr.

Staðsetning og stærð oliugeyma.

1. Oliugeymir utanhúss skal í kaupstaðnum grafinn í jörð, nema þar sem slökkviliðsstjóri heimilar að hafa hann ofanjarðar. Grafa skal fyrir undirstöðu geymis svo djúpt og búa vel um, að frost eða grunnvatn raski ekki legu hans, og skal fylla þétt að með sandi eða mól. Fylling ofan á geymi skal vera minnst 60 cm. Geyminn skal ryðverja að utan með tjöru, biki eða öðru slíku efni.

Þar sem heimilt er að hafa geymi ofanjarðar, má hann ekki vera nær timburvegg en 5.0 metra. Skal búa um geyminn á traustri undirstöðu, svo hann raskist ekki.

2. Oliugeymi má hafa innanhúss, enda sé fullnægt eftirfarandi skilyrðum:

Oliugeymum, er rúma samtals yfir 3000 lítra, skal koma fyrir í sérstökum geymsluklefa í kjallara hússins, nema slökkviliðsstjóri heimili annan stað. Til þess að geyma slíkan oliuforða innanhúss, þarf leyfi slökkviliðsstjóra, er segir fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir til öryggis. Gólf, veggir og loft klefa skal vera fullkomlega þétt og úr eldtraustu efni. Veggir úr járnbentri steypu skulu vera minnst 10 cm þykkir, en 20 cm, ef steypa er ójárnbent. Ljósambúnaður skal vera fullkomlega eldtryggur. Dyr á geymsluklefa mega ekki vera neðar en svo, að fyrir neðan þröskuld rúmist allur sá oliuforði, sem mest er ætlað til, að hægt sé að geyma innan klefans. Hurðir skulu opnast út, vera eldtraustar og sjálflokandi. Sérstök loftrás með öryggisneti skal vera frá geymsluklefa undir bert loft.

Enginn innanhússgeymir má rúma meira en 10000 lítra og í geymsluklefa mega ekki vera fleiri en 3 slíkir geymar. Samanlagður oliuforði innanhúss má aldrei vera meiri en 30000 lítrar.

3. Oliugeymum, er rúma samtals allt að 3000 lítra, má koma fyrir í sérstöku kjallaraherbergi, sem ekki er notað til annarra þarfa, og eldstæði er ekki í.

Til þess að geyma slíkan oliuforða innanhúss þarf leyfi slökkviliðsstjóra, er segir fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir til öryggis.

4. Oliugeymi eða dagneyzlukykli, er rúmar allt að 200 lítra, í íbúðar- eða verzlunarhúsi, en 1500 lítra í verksmiðjuhúsi, má koma fyrir í kyndistöð hússins, ef fullnægt er eftirfarandi kröfum:

Gólf skal vera úr eldtraustu efni, hurð, veggir og loft, sem ekki eru úr eldtraustu efni, skulu klædd eldtraustu efni til logavarnar. Hurð skal opnast út.

Geymum skal þannig fyrir komið, að hvorki þeir eða pípan frá þeim geti hitnað frá eldstæðinu eða að leki frá þeim geti runnið til eldstæðisins eða í reyk göng eða reykþípur. Skal á fulltryggan hátt séð fyrir leka frá geymum annað hvort á þann hátt, að hafa þá í steinsteyptri þró, sem rúmi allt innihald þeirra, eða að runnið geti frá þeim beint í skolplögn, t. d. gólfrest í kyndistöðinni.

25. gr.

Oliugeymar og oliupípur.

Geymar fyrir eldsneytisolíu skulu vera úr stálplötum, rafsoðnar eða hnoðaðar, og efnisþykkt þeirra hið minnsta, sem hér segir:

Geymar fyrir allt að 150 l plötuþykkt 1.5 mm.

Geymar fyrir 150 til 500 l plötuþykkt 2.0 mm.

Geymar fyrir 500 til 1500 l plötuþykkt 2.5 mm.

Geymar fyrir meira en 1500 l plötuþykkt 3.0 mm.

Ekki má nota glerþípur til þess að sýna oliuhæð í geymi. Oliuhæðarvísunum skal þannig fyrir komið, að ekki geti lekið út með þeim.

Oliupípur allar skulu vel festar og þannig fyrir komið, að þær verði ekki fyrir höggum eða annarri áreynslu utan frá. Efni þeirra skal vera járn eða annar nægilega traustur málmur. Þípuskeyti öll skulu vera á sýnilegum, aðgengilegum stöðum. Slöngur eða hreyfanlegar þípur má ekki nota.

Geymsluhykli skulu vera með læstum áfyllingarstút. Sé geymir innanhúss, skal áfyllingarstúturinn ná út úr útvegg eða vera rétt fyrir innan læst op í útvegg.

Á hverjum geymi skal vera loftþípa, sem endi undir beru lofti. Skal pípuendinn beygður niður, svo ekki geti rignt eða fennt inn í þípuna. Fyrir pípuopinu skal vera net úr málmþræði (476 möskvar á ferþumlung).

Neðarlega á geymi mega ekki vera önnur göt eða stútar, en þau sem ætluð eru fyrir píputengingar til brennara eða dagneyzluyhlkis eða annarra geymsluhylkja.

Þó má botnlás vera á geyminum, en hann skal jafnan vera lokaður með blindkraga.

Allir aðrir stútar skulu vera á efsta hluta geymisins. Ef geymir er stærri en svo, að hann rúmi 1000 lítra, skal mannsmuga vera á honum.

Á olíupípunni frá geyminum til brennarans skal vera lás eða loka, það langt frá eldstæðinu, að hættulaust verði komizt að honum, þó loganum slái til baka fram úr eldstæðinu.

Ef dagneyzluhylki stendur hærra en eldstæðið eða ef dagneyzluhylki er ekki notað og olían er tekin beint frá aðalgeymi til brennarans, og geymirinn stendur hærra en eldstæðið, skal pípubrotsloki vera á pípunni fast við hylkið eða geyminn.

Við litla geyma er þó leyfilegt að hafa ekki pípubrotsloka, en þannig skal gengið frá við geyminn, að þó pípan bresti, geti aldrei runnið meira frá honum en svarar til mestu notkunar við brennsluna.

Til þess að hindra að óhreinindi og vatn, sem kunna að vera í olíunni, komizt til brennarans, skal síu og gruggglasi vörðu með vírneti komið fyrir á oliupípunni. Skal þetta vera sem næst geymi eða dagneyzluhylki.

Ef notuð er oliutunna sem dagneyzluhylki, skal höfð sama tunnan, en ekki skipt um, er tunnan tæmist.

Olíu má aldrei geyma í tunnum í kyndistöð.

26. gr.

Brennarar og öryggistæki.

Brennarar og öryggistæki skulu vera af gerð, sem hlotið hefur viðurkenningu Brunamálastofnunar ríkisins. Brennarar skulu vera sjálfvirkir.

Ef kyndingin er ekki undir stöðugu eftirliti, skal litið til hennar öðru hvoru og oliukynditæki skulu búin fullkomlega öruggum útbúnaði, sem sjálfkrafa lokar fyrir olíuáðstreymið, ef eldurinn slokknar eða ef loftstraumurinn til brennarans stöðvast.

Sé hitastillingu þannig fyrir komið, að sjálfvirkur búnaður slökkvi og kveiki logann á ný, skal þannig frá gengið, að tveir eða fleiri kveikineistar komi hver á fætur öðrum, þegar brennsla á að byrja. Hins vegar skal svo langur tími líða milli olíuinnspýtingar, ef ekki kviknar, að fulltryggt sé, að allt gas eða eimur frá fyrri innspýtingu sé rokið út, þegar næsta innspýting kemur.

Vinni brennari með dragsúg og það kaldur, að ekki sé hætta á, að olían eimist af snertingu við hann, skal þannig gengið frá, að ef slokknar á brennarannum, renni olían í skál eða bolla, sem með þyngd sinni hefur áhrif á lokunarútbúnað, sem lokar fyrir olíuáðstreymið, enda séu slík eldhol ekki innmúruð eða í þeim hlutir, sem geta glóðhitnað.

Þannig skal frá eldstæði gengið, að það sé ávallt opið út í reykhláf. Ef þannig er gengið frá reykspjaldi, að hægt sé að loka því að fullu, skal hæfilega stórt gat sett á spjaldið. Sé vélsúgur notaður, skal loftsnældan annað hvort vera ástengd við hreyfil þann, sem knýr hana, eða knúin með fleygreimum, og skulu þá reimarnar vera að minnsta kosti tvær.

Aðalrofi fyrir rafstraum til oliukynditækja, skal vera utan við eða rétt innan við dyrnar í kyndistöðina.

27. gr.

Hitun eldsneytisolíu.

Olíu, sem hefur blossamark fyrir ofan 60° C, má hita áður en hún fer til brennarans.

Til hitunar á olíunni má einungis nota heitt vatn eða mettaðan eim, sem hefur ekki meira en 3 kg/cm² yfirþrýsting, eða rafmagn.

Við rafmagnshitun skulu hitararnir vera fastir, fullkomlega lokaðir, og með sjálfvirkum hitastilli (termostat). Sé slíkur hitara komið fyrir í geymi eða dagneyzluhyllki, skal hitastilli þannig stillt, að hiti oliunnar við hitarann geti aldrei farið fram úr 55°C. Rafbúnaður allur við hitara og önnur tæki í sambandi við olíukynditækin skal vera samkvæmt kröfum rafmagnseftirlits ríkisins.

Afrás frá geymi skal ávallt vera fyrir ofan efsta hluta hitastillisins.

Sé gegnstreymishitari notaður, skal svo frá gengið með hitastilli, að hiti oliunnar geti aldrei farið fram úr hitastigi, sem er 10° fyrir neðan blossomark hennar.

C. Sérstök ákvæði fyrir olíukynditæki, sem nota olíu með blossomarki undir 60° C.

28. gr.

Leyfilegt er að nota til hitunar húsa og annarrar hitunar eldsneytisolíu, sem hefur blossomark neðan við 60° C, þó ekki neðan við 35° C. Þar sem slíkt eldsneyti er notað, gilda sé: ákvæði 29.—31. gr.

29. gr.

Utanhúss má einungis geyma olíu í geymum, sem grafnir eru í jörð og má geymirinn mest rúma 1500 lítra. Verksmiðjur og stærri fyrirtæki geta þó fengið að hafa stærri oliuforða að fengnu sérstöku leyfi brunamálanefndar.

Innanhúss skal hafa geyma í lokuðum kjallaraberbergjum, sem ekki eru notuð til annars, sbr. 24. gr. Mesti forði, sem þannig er geymdur, má vera 500 l.

30. gr.

Þó olíukyndingartæki hafi sjálfvirkan lokunarútbúnað á olíuáðstreymi, sbr. 26. gr., skal svo frá gengið, að olía, sem kann að renna niður, nái aldrei til eldstæðis, en safnist fyrir í þar til gerðan geymi, eða renni beint að gólfrist í lokræsi.

Ef blöndunarbrennari er notaður, sem að nokkru eða öllu leyti eimar eldsneytið og blandar því við loftið, má ekki vera steinn eða múr í eldstæðinu. Slíkt efni getur valdið sprengingu vegna glóðhitunar.

31. gr.

Olíu, sem hefur blossomark fyrir neðan 60°C, má ekki hita á neinn hátt, áður en hún fer til brennarans.

D. Gæzla og eftirlit.

32. gr.

Þegar kveikt er á olíubrennara, hvort heldur er eftir stutta eða langa stöðvun brennslunnar, skal þess vandlega gætt, að sterkur loftstraumur hafi leikið um eldholið stundarkorn, áður en kveikt er. Reykspjöld og loftop neðan og framan á eldstæðinu, skulu vera opin.

Sé brennari þannig gerður, að hita þurfi hann, áður en kveikt er, skal geyma vökva þann eða efni það, sem notað er við hitunina í tilluktu ílát í góðum stað, hæfilega langt frá eldstæðinu.

33. gr.

Í geymsluklefa eða kyndistöð má ekki geyma nein eldfim efni, svo sem tréull, tréspæni, pappír eða þess háttar. Ekki má heldur geyma þar sprengifim efni eða efni, sem sjálfveikja getur stafað af.

34. gr.

Við dyr hveirrar kyndistöðvar skal vera ílát, sem rúmar að minnsta kosti 25 l af þurrum sandi, ásamt hæfilega stórru reku. Skal nota sand þennan til þess að slökkva með eld, sem kynni að kvikna utan eldstæðisins.

35. gr.

Í hverri kyndistöð skal uppsetningarmaður oliukynditækis festa upp spjald, sem Brunamálstofnun ríkisins leggur til, með áprentuðum greinilegum leiðarvísi um gæzlu og hirðingu kynditækjanna.

36. gr.

Brunamálanefnd skal skipa eftirlitsmann með oliukynditækjum. Eftirlitsmaðurinn skal hafa viðurkenningu Brunamálstofnunar ríkisins, er heimili honum að annast uppsetningu slíkra tækja, sbr. 23. gr.

37. gr.

Eftirlit með oliukynditækjum skal fara fram tvisvar á ári.

Eftirlitsmaður skal fara í sérstaka bók, er brunavarnaeftirlit ríkisins leggur til, stutta skýrslu um ástand tækja og annað, sem máli skiptir. Ef sami maður annast almennt eftirlit eldfæra, skal hann fara skýrslu sína í eftirlitsbók eldfæra. Í eftirlitsbók skal rita athugasemdir um skoðunina og gera grein fyrir því, sem talið er þurfa viðgerða við eða umbóta. Eftirlitsmaður skal setja hæfilegan frest til að lagfæra það, sem ábótavant er. Sé viðgerðin ekki framkvæmd innan tiltekens tíma, skal slökkviliðsstjóri kæra húseiganda til sekta.

Ef eftirlitsmaður telur hættulegt að nota oliukynditæki vegna ólags eða bilunar, er honum heimilt að taka það tafarlaust úr notkun og fyrirbyggja notkun þess með innsigli, þar til viðgerð hefur farið fram. Brunamálstofnun ríkisins er heimilt að setja nánari reglur um oliukynditæki.

V. Hreinsun reykháfa og eldfæraeftirlit.**38. gr.**

Bæjarstjórn skal skipa sólara og eftirlitsmann með eldfærum, þar með talin oliukynditæki (sbr. IV. kafli) eftir tillögum brunamálanefndar og setja þeim erindisbréf.

Bæjarstjórn skal setja samþykkt um framkvæmd starfsins og ákveða gjald fyrir það, er húseigendur greiði. Slík samþykkt öðlast gildi, er ráðuneytið hefur staðfest hana. Gjöldin má taka lögtaki.

39. gr.

Húseigendur bera ábyrgð á því, að reykháfum í húsum þeirra sé vel við haldið og að sótarar hafi frjálstan og óhindraðan aðgang að sótopum reykháfa.

40. gr.

Sótarar skulu hreinsa reykháfa undir stjórn slökkviliðsstjóra og eru ábyrgir í starfi sínu gagnvart honum. Þeir skulu hreinsa reykháfana vel og koma sótinu fyrir á öruggum stað utanhúss. Verði sótarar varir vanrækslu í meðferð sótopa eða reykháfa, svo sem ef þeim er ekki haldið nægilega við, gerðir ónothæfir eða hættulegir, skulu þeir aðvara húseiganda, sem ber skylda til að bæta tafarlaust úr því, sem ábótavant er. Vanrækslu skal slökkviliðsstjóri kæra til sekta.

Sóturum ber að ganga eins hreinlega um húsin og auðið er og kappkosta að valda íbúum húsanna sem minnstum óþægindum. Umkvartanir á hendur sóturum skulu sendar slökkviliðsstjóra skriflega.

41. gr.

Reykháfa skal hreinsa svo oft, sem þörf gerist, og eigi sjaldnar en 3 sinnum á ári, ef þeir eru notaðir að staðaldri, nema slökkviliðsstjóri mæli öðruvísi fyrir. Bæjarstjórnin getur sett sérstök ákvæði um hreinsun reykháfa í húsum, þar sem

heitt vatn er notað til hitunar og gas eða rafmagn til eldunar, en þvottapottar kyntir með kolum eða öðru eldsneyti.

Daginn áður en sóthreinsun fer fram, skal sôtari tilkynna húseiganda og afhenda honum eyðublað, er húseigandi eða annar í hans stað undirritar að henni lokinni. Á þriggja mánaða fresti skal sôtari afhenda slökkviliðsstjóra eyðublöðin, sem skilríki fyrir því, að hreinsunin hafi farið fram.

42. gr.

Eftirlit með eldfærum, reykþípum og reykháfum, skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári hverju í öllum húsum í kaupstaðnum.

43. gr.

Eftirlitsmönnum eldfæra ber sérstaklega að athuga:

Að frágangur eldfæra og reykháfa sé samkvæmt gildandi reglum og að þeim sé vel við haldið.

Að umgengni öll í miðstöðvarherbergjum og geymsla á eldsneyti sé eins og vera ber.

Að eldfim efni eða sprengiefni séu ekki geymd í húsum umfram það, sem leyfilegt er, og að tryggilega sé frá þeim gengið.

Að handslökkvitæki hússins séu í lagi.

44. gr.

Eftirlitsmenn skulu færa bækur um störf sín, þar sem tilgreint er, hvaða dag skoðun hefur farið fram í hverju húsi. Inn í bækurnar rita þeir athugasemdir sínar um skoðunina og gera grein fyrir því, sem þeir telja þurfa viðgerðar við og leggja fyrir, að það sé lagfært þegar í stað, ef þein brunahætta stafar af, en ella setja þeir frest til að framkvæma viðgerðina. Sé viðgerðin ekki framkvæmd á tilteknum tíma, skal slökkviliðsstjóri kæra húseiganda til sekta, samkv. 29. gr. laga um brunavarnir og brunamál.

Eftirlitsbækur eldfæra skulu viðurkennast af Brunamálastofnun ríkisins og skulu geymdar þar, sem Brunamálastofnun ríkisins hefur greiðan aðgang að þeim.

Ef Brunamálastofnun ríkisins þykir eitthvað ábótavant um framkvæmd eftirlitsins, er henni heimilt að láta fara fram sérstakt eftirlit á kostnað bæjarstjóðs.

45. gr.

Heimilt er váttryggingarfélagum að láta fara fram athugun á eldfærum og reykháfum á sinn kostnað.

VI. Um öryggistæki í húsum.

46. gr.

Í samkomuhúsum, veitingahúsum, gistihúsum, skólum, sjúkrahúsum, íþróttahúsum, barna- og elliheimilum og öðrum slíkum stöðum, þar sem margt fólk kemur saman eða dvelst, svo og í verksmiðjum, vinnustofum, vörugeymslum, benzínafgreiðslum og öðrum þeim stöðum, sem Brunamálastofnun ríkisins eða slökkviliðsstjóri telur nauðsynlegt, skulu vera nothæf handslökkvitæki.

Brunamálanefnd getur, að fengnu samþykki bæjarstjórnar, látið setja brunaslöngur í samband við vatnsveitu húsanna á kostnað húseiganda, og er hann skyldur að viðhalda slíkum slökkvitækjum og endurnýja þau og má ekki nota þau til neins annars en slökkviráðstafana.

47. gr.

Á þriðju hæð timburhúsa og ofar (kjallari, sem að hálfu leyti er grafinn í jörð eða meir, telst ekki hæð), þer að hafa björgunarkaðla, eða önnur jafngild björgunartæki, að minnsta kosti við einn glugga í hverri íbúð. Sama gildir um steinhús, sem að verulegu eða öllu leyti eru þiljuð með timbri. Í húsum, þar sem margt fólk kemur saman eða dvelst, sbr. 46. gr., ákveður brunamálanefnd í samráði við Brunamálastofnun ríkisins, hvar skuli hafa slík björgunartæki. Enn fremur hefur brunamálanefnd og Brunamálastofnun ríkisins heimild til að fyrirskipa aðrar varúðarráðstafanir, er talið er þurfa, t. d. sérstakar viðvörunarþjöllur í sambandi við raflagnir hússins.

48. gr.

Slökkviliðsstjóri, í samráði við Brunamálastofnun ríkisins, ákveður hverju sinni, hve mörg framangreind tæki skulu vera og hvar og hvernig þeim skuli fyrir komið, og segir fyrir um viðhald þeirra og endurnýjun.

Húseigendum er skylt að afla sér tækjanna á sinn kostnað og kosta uppsetningu þeirra og viðhald.

Handslökkvitæki eða björgunarkaðla má ekki selja almenningi hér, nema þau hafi verið viðurkennd af Brunamálastofnun ríkisins. Allir, er selja slík tæki, skulu leita viðurkenningar Brunamálastofnunar ríkisins fyrir þeim.

VII. Varúðarráðstafanir í samkomuhúsum o. fl.

49. gr.

Starfsemi á þeim stöðum, er um ræðir í 46. gr., eða aðra slíka má ekki reka, nema brunamálanefnd hafi samþykkt húsnæði það, sem notað er, og að kröfum þess um öryggi gegn eldsvoða sé fylgt í öllum greinum.

Framangreinda starfsemi skal ekki leyfa í nýjum húsum, nema þar sem burðarveggir, gólf og stigar eru úr eldtraustu efni og innveggir að minnsta kosti úr lítt eldnæmu efni. Í húsum, sem notuð eru til slíkrar starfsemi, er reglugerð þessi öðlast gildi, getur brunamálanefnd veitt undanþágu frá þessum kröfum, enda sé það skylt að fylgja sérstökum fyrirmælum Brunamálastofnunar ríkisins og brunamálanefndar um öryggi gegn eldsvoða.

50. gr.

Í þeim húsum, sem um ræðir í 46. gr., skal eingöngu nota rafmagnsljós, þar sem þess er kostur, og sé umbúnaður rafmagnslagna, ljósa og tækja samkvæmt reglum rafmagnseftirlits ríkisins. Húseiganda þer að sjá um, að öllum þessum umbúnaði sé vel við haldið og hann fullnægi ávallt framangreindum reglum. Skal hann nægilega oft láta sannprófa, að svo sé, og senda slökkviliðsstjóra skýrslur eftirlitsmanns um slíka athugun.

51. gr.

Í samkomuhúsum, sem stöðugt eru notuð til kvikmynda- og leiksýninga, skulu stólar og þekkir vera fastir. Þó skal leyft að hafa lausa stóla í stúkum, er eigi taka fleiri en 10 áhorfendur. Fjarlægðin milli stólaraða, mælt frá sætisbaki að sætisbaki, skal vera minnst 80 cm, séu setur stólanna hreyfanlegar, en 1 m, sé setan föst. Breidd hvers stóls skal eigi vera minni en 50 cm.

Hvergi skulu vera fleiri sæti í röð en svo, að mest séu 12 sæti að næsta gangi eða annarri útgönguleið.

Breidd ganga milli sætaraða eða til hliðar, svo og breidd annarra ganga, stiga og dyra, sem nota þarf til útgöngu, skal ákveða þannig: Minnsta breidd þeirra sé 1.2 m fyrir fyrstu 150 áhorfendur og síðan 33 cm í viðbót fyrir hverja 50 áhorfendur, sem nota þurfa gangana, stigana eða dyrnar, og hlutfallslega fyrir annan

fjöldaða. Þessa breidd ganga, stiga og dyra má hvergi skerða, svo sem með fata-geymslu, borðum, stólum eða lausamunum. Áhorfendur mega ekki standa á þessum stöðum, meðan sýningar fara fram.

52. gr.

Allar dyr á samkomusölum og göngum frá þeim skulu opnast út, og hurðir falla þannig að vegg, að þær skerði ekki útgönguleiðina. Skal ávallt vera hægt að opna þær fyrirvaralaust af hverjum sem er, og skulu þær greinilega auðkenndar með rauðum ljósum, og getur brunamálanefnd lagt fyrir, að ljós þessi séu frá sérstökum rafgeymum.

Í samkomusölum, þar sem 50 manns eða fleiri hafa sæti, skal ávallt hafa minnst tvær útgöngudyr, aðaldir salarins og varadyr, skal þeim þannig fyrir komið, að fólksstraumurinn greinist í tvær gagnstæðar áttir. Útgangarnir mega ekki liggja á sömu hlið hússins, heldur að tveimur götum eða hæfilega stórum húsagarði og götu, nema með leyfi brunamálanefndar.

Stigar mega aldrei liggja beint að útgöngudyrum. Frá stiga að dyrum skal ávallt vera a. m. k. 120 cm langur pallur. Frá áhorfendasvölum skulu vera minnst tveir stigar, lýstir utan frá um glugga á vegg eða þaki. Stigarnir mega ekki liggja niður í áhorfendasalinn og fólksstraumnum frá þeim skal beint þannig, að hann rekist ekki á eða mæti fólki á leið að öðrum útgöngum.

Gluggatjöld, veggkjöld og dyratjöld úr eldnæmu efni eða efni, sem myndar mikinn reyking við bruna, má ekki nota í samkomusölum.

53. gr.

Leiksvið má ekki útbúa í samkomuhúsum, nema með leyfi brunamálanefndar enda samþykki hún allan umbúnað leiksviðsins.

Á leiksviðum skulu vera vatnsleiðslur með að minnsta kosti tveimur áföstum 1"–1½" víðum og minnst 5 m löngum slöngum með stútum. Slöngunum skal þannig komið fyrir beggja vegna með hliðum leiksviðsins, að auðvelt sé að komast að þeim og nota þær. Á hverju leiksviði skulu enn fremur vera að minnsta kosti tvö 9 lítra víðurkennd handslökkvitæki. Fyrir leiksviðinu skulu vera óeldfim tjöld, sem brunamálanefnd samþykkir.

Búningsherbergi leikenda, leiktjalda- og búningsgeymslur og útbúnaður þeirra allur skal vera háður samþykki brunamálanefndar.

54. gr.

Bannað er að halda opinberar jólatréssamkomur, nema leyfi lögreglustjóra komi til. Má ekki halda þær í öðrum húsum en þeim, sem teljast vel útbúin til þess, m. a. um útbúnað dyra, stiga og annarra skilyrða til útgöngu. Ber sérstaklega að gæta ítrustu varúðar um meðferð kertaljósa á jólatrjáum og ljósa eða elds í kringum þau.

55. gr.

Reykingar eru bannaðar á áhorfendasvæðum leikhúsa og kvikmyndahúsa.

56. gr.

Öryggisútbúnaður í sýningarklefum kvikmyndahúsa skal vera samkvæmt reglugerð um öryggisútbúnað sýningartækja við kvikmyndasýningar, nr. 49 12. marz 1947.

57. gr.

Brunavörður skal ávallt vera til eftirlits í samkomuhúsum við leiksýningar, fjölleikasýningar og jólatrésskemmtanir. Brunamálanefnd getur enn fremur ákveðið, að brunavörður skuli vera í sýningarskálum, markaðsskálum, hlutaveltum og öðrum

opinberum stöðum, þar sem miklu er fyrir komið af eldnæmum efnum. Brunamálanefnd setur nánari reglur um framangreinda brunavörzlu, og ákveður gjald fyrir hana, er greiðist af eigendum samkomuhúsanna.

VIII. Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði.

58. gr.

Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði í kaupstaðnum skulu gerð úr steinsteypu eða öðru jafneldtryggu efni, nema þar sem brunamálanefnd heimilar aðra gerð.

Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði mega því aðeins vera í íbúðarhúsum, eða sambyggð þeim, að engar dyr eða önnur op séu á milli þeirra og húsanna.

Séu bifreiðaskýli, sem byggð eru í sambandi við íbúðarhús, stærri en fyrir tvær bifreiðar, skulu þau hólfuð sundur með eldtraustum veggjum, svo að aldrei standi saman fleiri en tvær bifreiðar í hverju hólf.

59. gr.

Heimilt er brunamálanefnd að setja sérstök fyrirmæli um fyrirkomulag, stærð og notkun bifreiðaskýla og bifreiðaverkstæða, sem rúma fleiri en 6 bifreiðar.

60. gr.

Benzín má ekki vera í geymum bifreiða, sem sýndar eru í verzlunum eða geymdar um lengri tíma á stöðum, er fullnægja ekki þeim kröfum, sem gerðar eru til bifreiðaskýla almennt. Benzín má hvorki taka af né láta á geyma bifreiða á framangreindum stöðum. Rafgeymir bifreiðar skal tekinn úr sambandi meðan bifreiðin er geymd þannig.

61. gr.

Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði má hvorki nota til geymslu á eldfimum efnum né til vörugeymslu almennt, nema því aðeins, að þiljað sé milli með eldtraustum vegg.

62. gr.

Bifreiðaskýli skulu vera loftræst með tveimur opum niður við gólf, sínu á hvorum vegg, þar sem því verður við komið, annars á tveim stöðum á framhlið.

63. gr.

Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði má ekki hita upp með kolaofnum, gasofnum, olíuofnum, rafmagns-glóðarofnum né opnum eldstæðum.

Bifreiðaskýli og bifreiðaverkstæði skal lýsa upp með rafljósum, þar sem þess er kostur, og skulu leiðslur og annar ljósaútbúnaður vera samkvæmt reglum Rafmagnseftirlits ríkisins. Þar sem ekki er kostur rafmagns, má einungis nota vel byrgð ljósker.

Feitímengaðan tvist og tuskur má ekki geyma í bifreiðaskýlum eða bifreiðaverkstæðum, nema í eldtraustum loftþéttum ílátum.

Í bifreiðaskýlum og bifreiðaverkstæðum er bannað að reykja.

IX. Verksmiðjur, vinnustofur og vörugeymsluhús.

64. gr.

Verksmiðjur, vinnustofur og önnur atvinnufyrirtæki, sem eldhætta stafar af, má ekki setja á stofn í kaupstaðnum, breyta né reka, nema fullnægt verði kröfum brunamálanefndar um öryggisráðstafanir.

65. gr.

Nú sækir slíkt atvinnufyrirtæki um leyfi til rekstrar og leitar þá bæjarstjórn tillagna brunamálanefndar, áður en leyfið er veitt. Brunamálanefnd setur hverju sinni þær reglur, er henni þykir þurfa, um stofnun og rekstur fyrirtækjanna, umfram þær almennu reglur, sem settar eru með þessari reglugerð. Sama gildir um þau fyrirtæki, sem þegar eru starfandi, en hafa ekki fengið leyfi brunamálanefndar til rekstrarins, eða fullnægja ekki settum skilyrðum fyrir slíkum rekstri.

66. gr.

Engin meiri háttar slík atvinnufyrirtæki má reka í húsum, sem jafnframt eru notuð til íbúðar. Minni háttar rekstur, sem telja má hættulítinn fyrir íbúa hússins, má hafa í íbúðarhúsi, að fengnu leyfi brunamálanefndar, enda sé þá fullnægt öllum þeim skilyrðum, sem brunamálanefnd kann að setja um reksturinn í slíkum húsum. Skal þess sérstaklega gætt, að húsnæði það, sem notað er til rekstrarins, sé nægjanlega einangrað frá hóbýlum manna, með múrveggjum eða múrhúðum á veggjum og loftum. Atvinnurekstur, sem notar eldfim efni, sem sprengingarhætta stafar af, má aldrei fara fram í húsum, sem notuð eru til íbúðar.

67. gr.

Eldfim efni eða lausa hluti, svo sem eldsneyti, timbur, viðarlíki, hefilspæni, sag, bólstur, hálm, fatnað eða þess háttar, má ekki hafa nær gufukötlum, miðstöðvar-kötlum, kolaofnum, límofnum eða öðrum eldstæðum og reykleiðslum en í 50 cm fjarlægð, né láta þau liggja að rafmagnshreyflum.

68. gr.

Leiðslur fyrir ókælda gufu skulu vera tryggilega einangraðar eða a. m. k. 5 cm frá viðum og öðrum eldnæmum hlutum.

69. gr.

Glæður, gjall og annan úrgang úr eldstæðum skal láta í fullkomlega eldtraust ílát úr málmí eða steini utanhúss.

70. gr.

Í verksmiðjum og vinnustofum, þar sem eldfim efni eru höfð um hönd, skal nota rafljós til lýsingar. Sé ekki hægt að koma því við eða ef bilun verður á rafmagnstækjum, rafmagnslögnum eða raforkugjafa, má einungis nota lokuð ljósker. Ljósaperur mega aldrei liggja að viðum eða viðarlíki. Í ofangreindum verksmiðjum og vinnustofum er bannað að reykja og nota óbyrgð ljós.

71. gr.

Rafmagnstaugar má ekki stytta með hnútum eða vefja þeim um króka, nagla eða aðra hluti, er leitt geta rafstraum. Þess skal og gætt, að einangrun rafmagnstauga skemmist ekki af núningi eða öðrum orsökum. Rafmagnslagnir má hvorki nota til að hengja á þær hluti né tengja við þær snúrur eða víra. Atvinnufyrirtækjum ber að sjá um, að allur rafmagnsbúnaður sé samkvæmt reglum rafmagnseftirlits ríkisins, og að honum sé vel haldið við. Athugun á rafmagnsbúnaðinum skal að jafnaði fara fram einu sinni á ári eða eftir nánari ákvörðun slökkviliðsstjóra.

72. gr.

Fægigögn, svo sem tvist, tuskur, hamp o. þ. h., sem notuð hafa verið til að þurrka eða fægja vélahluta, skal brenna á hverju kvöldi eða geyma á óhultum stað í eldtraustum, loftþéttum ílátum.

Annan eldnæman úrgang skal daglega, eftir vinnutíma, hreinsa burt af vinnustöðvum og flytja á öruggan stað, þar sem óviðkomandi menn eiga ekki aðgang að.

73. gr.

Eldnæma hluti, sem hafðir eru til umbúða, eða notaðir til iðnaðar, svo sem tréspæni, hálm, hey, hamp, tvist, tréull o. þ. h., skal geyma í sérstöku herbergi, og má ekki hafa meira af slíkum efnum á vinnustöðvum, en notað er hvern dag.

74. gr.

Í timbursmiðjum, húsgagnavinnustofum og öðrum verkstæðum, sem svipuð eldhætta stafar af, skal enn fremur gætt þessara varúðarreglna:

a. Eld má ekki fara með, nema í eldstæði eða ofni. Fyrir framan hverja ofnhurð skal vera kassi úr málm, er sé að minnsta kosti 50 cm á hæð, og sé hann þannig áfastur ofninum, að allar glæður og eldur úr honum detti í kassann.

b. Þegar límpotturinn er tekinn af eldstæðinu, skal setja hann á málmplötu, er nái a. m. k. 8 cm út fyrir pottinn á alla vegu. Brún málmplötunnar skal beygð upp á við.

c. Þar sem ekki er rafmagnsljós má eingöngu nota steinoliuveggglampa eða lokuð ljósker, en hvorki borðlampa eða kertaljós.

d. Ekki má fleygja eldspýtu á gólfið, þegar kveikt hefur verið á henni, heldur skal fleygja henni í ofninn eða leggja hana á málmplötu eða annan stað, þar sem vissa er fyrir, að hún geti ekki kveikt eld frá sér.

e. Tréspæni, hey eða aðrir slíkir eldfimrir hlutir mega ekki liggja dreifðir um smíðahúsgólfið dag frá degi. Á hverjum degi að endaðri vinnu skal þeim sópað saman og þeir bornir úr smíðahúsinu, eða þeim komið fyrir á sérstökum stað í smíðahúsinu, sem ætlaður er fyrir þá. Miklar birgðir af tréspónum skal geyma í lokuðum klefa, þar sem engin sérstök eldhætta getur stafað af.

f. Miklar birgðir af trésmíðaefni mega ekki liggja í göngum eða stigum, og heldur ekki utan við smíðahúsið, nema sérstakt leyfi bæjarráðs komi til. Ekki má geyma meira eldfimt smíðaefni í smíðahúsinu en þarf til þess að vinna verði innt af hendi viðstöðu- og tafarlaust.

g. Þegar vinnunni er lokið að kveldi, og áður en smíðirnir fara úr smíðahúsinu, skal slökkva allan eld og ljós og loka húsinu, svo að óviðkomandi menn komist ekki í það.

h. Í sérhverju smíðahúsi, þar sem vatnsveita er, skal vera sérstakur vatnskranir með viðfestri slöngu, ella skal vera þar slökkvitæki með slökkvívökva af þeirri gerð, er Brunamálstofnun ríkisins tekur gilda. Brunamálanefnd getur veitt undanþágu frá þessum ákvæðum fyrir verkstæði, þar sem vinna að jafnaði aðeins 1—2 menn.

i. Í sérhverju smíðahúsi skal vera prentað eintak af reglum þessum fest á vegg, þar sem auðvelt er að lesa það. Forstöðumaður smíðahússins skal sjá um, að reglum þessum sé hlýtt, og hinnar mestu varúðar sé að öllu leyti gætt í meðferð á eldi og ljósi.

75. gr.

Í verksmiðjuhúsum, vinnustöðvum og öðrum húsum, sem notuð eru til atvinnurekstrar, má ekki geyma neitt í anddyrum, göngum eða stigum, sem hindrað getur eðlilegan umgang um húsin.

76. gr.

Um útbúnað og rekstur acetylenagasgerðar setur Brunamálstofnun ríkisins reglur, þegar þurfa þykir.

Birgðir af gas- og súrhylkjum skal geyma í eldtraustum húsum, sem eru ekki sambyggð öðrum húsum. Engin önnur eldfim efni má hafa þar um hönd.

Á vinnustöðvum skal eigi hafa fleiri gas- eða súrhylki en til daglegra nota, og skal þeim komið fyrir á sérstökum vögnum, svo að auðvelt sé að flytja þau úr stað. Þar skulu festar upp áskoranir á áberandi stöðum um, að menn komi hylkjunum strax á öruggan stað, ef eldsvoða ber að höndum.

Þar sem gas- eða súrhylki eru geymd, skal vera góð loftræsting og þess ávallt gætt, að auðvelt sé að komast að þeim og að þau geti ekki oltið um koll.

Ávallt skal fara varlega með gas- og súrhylki. Þau mega ekki verða fyrir höggum og ekki vera notuð sem viðnám eða undirstaða við flutning hluta.

Hylkin má ekki setja nálægt hitaleiðslum, við opinn eld, nálægt eldfimum efnum eða geyma þau í sólarhita.

Hönnum hylkjanna skal ávallt loka vandlega, eftir að þau hafa verið notuð.

Við notkun súrhylkja skal þess vandlega gætt, að feiti komist ekki að opum þeirra, krönnum eða slöngum. Þau mega ekki standa þar, sem hætt er við, að feiti geti sletzt á þau, og varast skal að snerta þau með feitugum höndum.

77. gr.

Brunamálanefnd lætur prenta og festa upp á vinnustöðvum, þar sem henni þurfa þykir, þær varúðarreglur, er hún telur nauðsynlegar.

78. gr.

Bygging og fyrirkomulag vörugeymsluhúsa í kaupstaðnum skal vera háð samþykki brunamálanefndar.

Í vörugeymsluhúsum skal ekki vera yfir 20 m milli eldtraustra veggja, nema samþykki brunamálanefndar komi til. Á slíka veggi má gera op, enda séu fyrir þeim eldtraustar hurðir. Hurðirnar skulu ávallt vera lokaðar, þegar ekki er verið að vinna í húsunum.

Í vörugeymsluhúsum má ekki reykja né nota óbyrgð ljós. Skal tilkynna það með greinilegum auglýsingum á áberandi stöðum.

X. Um geymslu á timbri o. fl.

79. gr.

Eigi má geyma timbur, kol, mó, hey, sag, hefilspæni eða önnur álíka eldfim efni, nema þar sem eigi getur stafað af þeim sérstök brunahætta og brunamálanefnd eða slökkviliðsstjóri í umboði hennar samþykkir, enda sé fylgt fyrirmælum hans um geymsluna.

Innanhúss má geyma smáskammta af heimilisbirgðum, fjarri eldstæðum, þar sem ekki er íkveikjuhætta.

Viðarstakkar skulu ekki vera stærri en 60 m², og ekki hærri en 5 m. Minnsta fjarlægð milli stakka skal vera 2 metrar og frá húsum 6.3 metrar, nema leyfi slökkviliðsstjóra komi til.

80. gr.

Gerð og fyrirkomulag húsa, sem ætluð eru til geymslu eða sölu á timbri, skal háð fyrirmælum brunamálanefndar.

Við þurrkun á timbri innanhúss skal fyrirkomulag þurrkklefanna og stöflun timbursins í þeim háð fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

Í timburgeymsluhúsum og heyhlöðum má ekki reykja né nota óbyrgt ljós.

XI. Um geymslu og meðferð eldfimra vökva.

81. gr.

Skip, sem flytja birgðir af benzíni, steinolíu og öðrum álíka eldfimum vökvum og leggjast að bryggju, skulu fá leyfi hafnarstjóra og slökkviliðsstjóra til fermingar eða affermingar. Skal hvort tveggja fara fram samkvæmt fyrirmælum þeirra.

Skipin skulu hafa uppi rauðan fána að degi til, en rautt ljós í myrkri. Skip, sem flytur olíu í geymum, má ekki sigla inn fyrir hafnargarða eða leggjast að bryggju eða byrja losun, nema það sé gasþétt. Sé benzín eða annar ámóta eldfimur vökvi í skipinu, skal skipstjóri, áður en losun hefst, gefa slökkviliðsstjóra eða fulltrúa hans skriflegt vottorð um, að gasmælir skipsins sýni skipið gasfrítt.

Enginn úr landi má fara um borð í skipið, nema með leyfi varðmanna í hvert sinn.

Skip með vél í gangi, eld í eldavél eða eld undir kötlum, má ekki liggja utan á slíku oliuflutningaskipi, meðan ferming eða afferming fer fram. Ákveður slökkviliðsstjóri fjarlægð slíkra skipa eftir vindstöðu.

Engin vinna má fara fram á bryggju, sem slíkt oliuflutningaskip liggur við, nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

Bifreiðar með vélar í gangi mega ekki vera á varðsvæðinu.

82. gr.

Skyllt er slökkviliðsstjóra í samráði við brunamálanefnd að skipa varðmann til þess að sjá um, að allrar varúðar sé gætt við fermingu eða affermingu skips. Eigandi farms greiðir kostnað af slíkri gæzlu.

Meðan slík vinna fer fram við skip, má ekki reykja né hafa um hönd óbyrgð ljós eða eld um borð í skipinu eða á varðsvæðinu. Getur slökkviliðsstjóri krafizt, að sama gildi um skip, sem liggja fast að oliuflutningaskipi.

83. gr.

Birgðir af benzíni, steinolíu eða öðrum eldfimum vökvum, má hvergi geyma í kaupstaðnum, nema á þeim stöðum, sem brunamálanefnd hefur samþykkt.

Til heimilisnotkunar er heimilt að geyma innanhúss í vel þéttum umbúðum allt að 1 lítra af benzíni og 200 lítrum af steinolíu.

Tilkynna skal slökkviliðsstjóra, ef einhver hefur í geymslu meira magn, og skal hlíta ákvörðun hans um öryggi og um synjun heimildar til geymslu.

Slökkviliðsstjóra ber að sjá um, að umbúnaður og umgengni á geymslustöðum sé samkvæmt settum reglum og fyrirmælum.

84. gr.

Sölu eldfimra vökva má ekki reka, nema með leyfi brunamálanefndar. Fyrirkomulagi á sölustað skal hagað eftir fyrirmælum slökkviliðsstjóra.

Sala á benzíni í kaupstaðnum skal einungis leyfð frá eldtraustum neðanjarðargeymum með viðurkenndum dæluútbúnaði. Lyfjabúðum skal þó heimilt að selja allt að 250 g í senn af hreinsuðu benzíni.

Í verzlunum, þar sem steinolía er seld, getur brunamálanefnd krafizt, að hún skuli afgreidd frá neðanjarðargeymum utanhúss með leiðslu að dælu á sölustað. Málmस्कál skal höfð undir þeim ílátum, sem olían er afgreidd í, til að taka móti olíu, er kann að renna utan hjá ílátunum. Varkárni og hreinlætis skal gætt í allri umgengni.

Í verzlunum, þar sem terpentína, tjara, smurningsolía og aðrir álíka eldnæmir vökvar eru seldir, má eigi geyma meira en eina tunnu af hverri tegund innanhúss.

Aðrar birgðir af þessum vökvum skulu geymdar utan afgreiðslustaðar, á þeim stöðum, sem slökkviliðsstjóri hefur samþykkt.

85. gr.

Tunnur, sem benzín er flutt í, skulu málaðar á botnum með rauðum lit.

Enginn söluaður má afgreiða eldfiman vökva á tunnur, nema tunnan sé greinilega merkt innihaldi.

Tómar benzín- eða oliutunnur má eigi geyma eða láta liggja við hús eða á almannafæri.

86. gr.

Bifreiðar til flutnings á benzíni í stálgeymum, skulu búnar stopphana á benzín-pípu til aflvélarinnar, sem auðvelt er að komast að úr sæti bifreiðarstjóra. Í byrgi bifreiðarstjóra skulu vera ekki færri en 2 handslökkvitæki af viðurkenndri gerð. Bannað er að reykja í bifreiðinni. Bannað er bifreiðarstjóra að flytja farþega.

Benzíngeymar skulu vera úr minnst 5 mm þykkum stálplötum með soðnum sam-skeytum. Geymar mega ekki vera stærri en svo, að þeir rúmi mest 5000 lítra, nema að fengnu leyfi Brunamálastofnunar ríkisins. Ekki má fylla geyma meir en svo, að 1% sé ætlað fyrir hitaþenslu. Slanga til áfyllingar og tæmingar skal svo gerð, að hún leiði ekki rafmagn. Áyllingarpípan skal ná nær því í botn á geymi. Loftlokar skulu vera af öruggri gerð og búnir smáriðnu öryggisneti úr bronsi.

Beggja megin á geyma skal mála greinilega „Benzín — Eldfimt“.

Bifreiðarstjórar skulu gæta varúðar um að skilja ekki eftir bifreið sína á almannafæri, hvorki með hlassi eða með tóman geymi.

Sömu varúðar skulu bifreiðarstjórar gæta, ef flytja á áfylltar eða tómar benzín-tunnur. Óheimilt er að ferma eða afferma slíkt hlass við eða á almannafæri, nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

Slökkviliðsstjóri ákveður, hvar geyma megi næturlangt bifreið, er flytur benzín.

Bifreiðarstjóri skal sýna fullkomna varfærni meðan hann losar benzín í sölu-geymi, og má ekki víkja frá bifreiðinni, fyrr en gengið er frá fylliopi geymis. Hann skal sérstaklega gæta þess, að benzín skvettist ekki niður.

Engin bifreið má koma að sölugeymi, meðan losun fer fram.

Slökkviliðsstjóri getur sett sérstakar reglur til frekara öryggis, um losun benzíns af bifreið á sölugeymi.

87. gr.

Birgðir oliufélaga eða útsölumanna þeirra, hvort heldur í tunnum eða stálgeymum, má aðeins geyma þar sem bæjarstjórn leyfir, að fengnu samþykki Brunamálastofnunar ríkisins. Skýlt er að hafa þær varúðarráðstafanir, sem settar verða.

88. gr.

Enginn söluaður eldfimra vökva eða oliufélaga má afgreiða til annarra staða benzín, steinolíu eða aðra álíka eldfima vökva, nema tryggt sé, að viðurkenndur geymslustaður sé fyrir hendi hjá móttakanda.

Skipaafgreiðsla má ekki taka á móti tónum né fullum benzíntunnum, nema með leyfi slökkviliðsstjóra.

89. gr.

Sölugeyma fyrir benzín má hvergi setja upp við götu eða opin svæði í kaupstaðnum, nema þar sem brunamálanefnd samþykkir, og skal frágangur allur vera svo rammbyggilegur, að sem minnst eldhætta stafi af.

Tóbaksreykingar skulu bannaðar í nánd við sölugeymi. Tæmdar benzíntunnur skal jafnarðan flytja burtu. Bannað er að selja tóbak og eldspýtur, þar sem afgreiðsla benzíns fer fram.

XII. Um sprengiefni.

90. gr.

Hver sá, sem flytur inn púður eða sprengiefni, skal hafa til þess leyfi lögreglustjóra, og er skylt að skýra frá efnasamsetningi þess, ef óskað er. Ef sprengiefnið þykir sérstaklega háskalegt í meðförum, má banna innflutning þess.

91. gr.

Fyllstu varúðar skal gætt við geymslu, meðferð og flutning sprengiefna. Þeirsem vinna við það, mega ekki reykja né hafa í vörzlum sínum neins konar eldfæri eða nota óbyrgð ljós.

92. gr.

Birgðageymslur sprengiefna skulu eingöngu vera utan kaupstaðarins og í hæfilegri fjarlægð frá húsum og vörubirgðum. Umbúnaður þeirra er háður samþykki brunamálanefndar.

93. gr.

Dynamit og önnur sprengiefni, sem notuð eru daglega, skulu eingöngu vera í vörzlu verkstjóra, sem ber persónulega ábyrgð á geymslu þeirra og meðferð. Mest magn slíkra sprengiefna innanbæjar má vera allt að 5 kg auk nauðsynlegra hvellhettna. Skal slökkviliðsstjóra tilkynnt, hvar það er geymt og á hvern hátt.

Bannað er að geyma í heimahúsum sprengiefni af nokkru tagi, svo sem púður, flugelda o. fl.

94. gr.

Sprengiefni má ekki selja nema með samþykki brunamálanefndar. Slökkviliðsstjóri ákveður, hve miklar birgðir mega vera fyrir hendi á sölustað á hverjum tíma, og hvernig geymslu á þeim skuli komið fyrir.

95. gr.

Skotelda (flugelda) má eingöngu framleiða í steinhúsum, sem ekki eru notuð til íbúðar. Húsnæði það, sem notað er til framleiðslunnar, skal vera samþykkt af brunamálanefnd og setur það nánari ákvæði um nauðsynlegar öryggisráðstafanir.

Sala skotelda er bundin leyfi brunamálanefndar. Slökkviliðsstjóri ákveður hve miklar birgðir megi vera á hverjum stað, og hvernig þeim skuli komið fyrir. Óheimilt er að selja öðrum efni til skoteldagerðar en þeim, sem hafa leyfi brunamálanefndar til að framleiða skotelda.

Í skoteldum, púðri og öðrum sprengiefnum má ekki kveikja á almannafæri, nema með leyfi lögreglustjóra.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 55 22. maí 1969 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi numin reglugerð um brunavarnir og brunamál fyrir Hafnarfjarðarkaupstað, staðfest af félagsmálaráðuneytinu 3. október 1951.

Félagsmálaráðuneytið, 25. marz 1971.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.